

**SJÓVÁ**

Sími: 436 1617 & 893 5445  
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

**JÖKULL**

888. tbl - 19. árg.

15. ágúst 2019



# Grindhvalir synda á land

Fjóra hvalir rak á land við Ólafsvík seint á mánudagskvöldið. Komust tveir þeirra sjálfir út aftur en tveir festust í flæðarmálinu. Áætlað er að hvalirnir fjórir hafi verið hluti af hvalavöðu sem taldi líklega um 100 dýr og svamlaði fyrir utan. Það voru ferðamenn sem komu hvölunum fyrst til bjargar en félagar úr Lífsbjörgu komu fljótlega á vettvang ásamt fleiri heimamönnum. Stugguðu þeir við vöðunni á haf út áður en þeir tóku til við að aðstoða hvalina tvo í flæðarmálinu. Hvasst var og mikill öldugangur sem gerði björgunarfólki erfitt fyrir. Tókst björgunarsveitarfólki að bjarga öðrum hvalanna en hinn drapst, þegar birti að morgni þriðjudags kom í ljós að annað dýr hafði einnig drepist og rekið á land.

Þetta er í þriðja sinn á stuttum tíma sem hvalir ganga á land en á þessum tíma í fyrra var einnig mikið um fréttir af hvólum sem



villtust á land. Ekki er vitað hvers vegna dýrin sem alla jafna eru djúpsjávárdýr hætta sér svo nærri landi.

*þa*

## Keppt í motocross

Motocrossfélag Snæfellsbæjar stóð fyrir móti þann 27. júlí síðastliðinn á braut félagsins sem staðsett er á Breiðinni. Mót þetta var þriðja umferð Íslandsmótsins og tóku 60 keppendur þátt í 9 flokkum. Var mótið mjög vel heppnað og bæði þátttakendur og mótshaldarar ánægðir með hvernig til tókst en ekki hafði verið haldin keppni í motocrossi í Snæfellsbæ í 12 ár.

Í flokki 85cc 15 ára og yngri sigraði Ingvar Sverrir Einarsson og í 85cc flokki sigraði Alexander Adam Kuc. Í flokki MX 40 ára og eldri varð í 1. sæti Haukur Þorsteinsson en í MX Open var það Eyþór Reynisson. Í kvennaflokki voru 4 keppendur og þar sigraði Sóley Sara Michaelsdóttir David og í kvennaflokki 30 ára og eldri fór Bína með sigur af hólmi. Í unglíngaflokki sigraði Víðir Tristan Víðisson en hann vann einnig unglíngaflokk 17 ára og yngri.

Tveir heimamenn tóku þátt í



keppninni þeir Janus Jónsson og Konráð Haraldsson, kepptu þeir í flokki MX2 og endaði Konráð í 7. sæti og Janus í því 9.

Eins og áður kemur fram heppnaðist keppnin vel og dró að sér margt fólk bæði keppendur og aðra verður vonandi framhald á þessu hjá strákunum í Motocrossfélagi Snæfellsbæjar. Myndin er fengin af motorsport.is

*þa*

**FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)



Bifreiðaverkstæði Ægis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

# Minningargjöf til Lífsbjargar



Afkomendur hjónanna Ingibjargar Steinþórsdóttur og Guðlaugs Guðmundssonar heimsóttu björgunarsveitina Lífsbjörgu fyrir skömmu, ástæða heimsóknarinnar var að afkomendurnir vildu færa björgunarsveitinni peningagjöf til minningar um þau hjónin.



Ingibjörg og Guðlaugur bjuggu alla tíð í Ólafsvík, lengst af í Mýrarholti 14. Guðlaugur lést árið 1991 og Ingibjörg árið 1998. Stórn Lífsbjargar þakkar afkomendum Ingibjargar og Guðlaugs innilega fyrir rausnarlega gjöf.



## STARFSFÓLK ÓSKAST

### Starfsfólk óskast.

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Fellaskjól óskar eftir að ráða fólk til starfa við umönnun. Um er að ræða vaktarvinnu og vantar bæði fastráðið starfsfólk og til afleysinga. Mikilvægt er að umsækjendur hafi góða samskipta hæfni og hafi metnað fyrir starfinu. Góð íslensku kunnátta er einnig nauðsynleg.

Frekari upplýsingar er hægt að nálagast hjá Patricia á [fellaskjol@simnet.is](mailto:fellaskjol@simnet.is)

### Poszukujemy pracownika.

Dom starców Fellaskjól chce zatrudnić ludzi do pracy. Chodzi o prace zmianową. Brakuje nam zarówno stalego personelu, jak i tymczasowego. Ważne jest, aby kandydaci posiadali dobre umiejętności komunikacyjne i mieli ambicje do pracy. Dobre umiejętności Islandzkiego są konieczne.

Więcej informacji można uzyskać od Patricia na [fellaskjol@simnet.is](mailto:fellaskjol@simnet.is)

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)

Sími: 436 1617

# Fótboltaþankar



Fimmtudaginn 25. júlí, kom Þróttur úr Reykjavík í heimsókn. Leikurinn fór fram við bestu skilyrði og var boðið upp á ágætis spilamennsku hjá okkar mönnum, mikið með boltann og stjórnúðu leikum algjörlega, en ekkert gekk að koma boltanum yfir marklínuna, þrátt fyrir urmul affærum. Flest skot á markið virkuðu laflaus, eða beint á markmanninn. Leikmenn Þróttar vörðust vel og sóttu af varfærni, þ.e. komu með því hugarfari að þiggja stigið, sem boðið var upp á áður en leikurinn byrjaði. Leikurinn endaði 0-0.

Þriðjudagur 30. júlí. Víkingarnir héldu norður á Akureyri til keppni við Þórsara. Töluverð harka var í leikum, á báða bóga. Nokkrum sinnum brá þó fyrir lipru spili og upp úr einni slíkri sókn, á 34. mínútu, skoruðu Þórsarar. Okkar varnarmenn voru hálf sofandi og leyfðu Þórsurum að stilla boltanum upp inni í teignum til að skora. Víkingar áttu nokkur hálfæri, en sem fyrr ekki nógu ákveðnir á boltann. Staðan 1-0 í hálfleik. Seinni hálfleikur var miklu betri hjá okkur, hörku sóknir og áttu heimamenn í vök að verjast oft á tíðum. Á 54. mínútu átti Guðmundur Magg., að mér sýndist, hörku skalla í þverslána og niður, þannig að ekki mátti miklu muna að boltinn færi í markið. Það var eins og Þórsarar væru sáttrir við stöðuna 1-0, sem er lítil forysta og erfitt að verja, enda fór það svo að hún hvarf, því Harley Williard náði föstu skoti af 20-25 metra færi á markið, boltinn barst til Guðmundar Magg., sem stýrði honum í markið. Torsótt jafntefli, en vel gert hjá strákunum að gefast

ekki upp og ná að bjarga stigi, sem þeir áttu svo sannanlega skilið, ef ekki öll þrjú stigin. Víkingar voru mun sterkari aðilinn í leikum, sérstaklega í seinni hálfleik. Þess má geta að þetta mun hafa verið leikur númer 300 hjá Ejub, sem stjóri VíkingsÓ.

Þriðji og síðasti leikurinn í útgáfufrítt Jökuls var svo 9. ágúst þegar Leiknir frá Reykjavík kom í heimsókn. Þetta var hörku leikur í orðsins fyllstu merkingu, of mikil harka. Gestirnir virtust sprækir á fyrstu mínútum, en okkar strákar snéru dæminu við og sóttu nokkuð stíft. Þá er oft sem svæði í vörninni opnast, gestirnir brunuðu upp völlinn þegar tæplega hálf tími var liðinn af leikum, vörnin ekki vel staðsett og eftirleikurinn auðveldur, mark. 0-1 gegn gangi leiksins. Þetta kveikti aðeins í okkar strákum sem sóttu nú af krafti og fengu hornspyrnu um 10 mínútum síðar og upp úr henni skoraði Guðmundur Magg. með góðum skalla, 1-1. Þannig var staðan í hálfleik. Seinni hálfleikur var ekki mikil skemmtun fyrir áhorfendur og einkenndist af of mörgum grófum brotum og minni knattspyrnu. Fjórða jafnteflið í röð. Það eru sex leikir eftir og þar af leiðandi 18 stig í boði, mætum á völlinn og hvetjum strákana til að ná í þau.

Það vakti athygli á þessum leik að fleiri stuðningsmenn Leiknis komu á leikinn en heimamenn. Snúum þessu nú við á næsta heimalaik, sem verður föstudaginn 23. ágúst á móti Fjölni, en á föstudaginn fara strákarnir til Keflavíkur.

ÁFRAM VÍKINGUR.

óhs



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**

er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinsson hdl.  
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

# Grindhvalir mældir



Eins og fram kemur á öðrum stað í blaðinu þá kom stór grindhvalavaða að landi við Ólafsvík á mánudagskvöld, tveir hvalir drápu í flæðarmálinu og á þriðjudegsmorgun fóru þau Jóhann Garðar Þorbjörnsson og Jónína Herdís Ólafsdóttir líffræðingar hjá Hafrannsóknastofnun í Ólafsvík í sýnatöku og mælingar á hræunum.

Í ljós kom að þetta voru tvö kvendýr, fullorðið dýr og kálfur. Fullorðna dýrið var 4,33 m að lengd með ummál 2,80 m og kálfurinn 1,87 m að lengd með ummál 1,12 m. Það voru tekin erfðasýni úr báðum hvölunum. Einnig var magainnihald kannað

hjá fullorðna dýrinu en maginn reyndist vera tómur.

Þegar kemur að grindhvölum og mörgum öðrum hvalategundum eru gögnin sem fást með skoðun og sýnatöku úr strönduðum dýrum oft einu upplýsingarnar sem eru fáanlegar.

Þegar þau Jónína og Jóhann voru við mælingar í fjörinni bar að nokkra krakka sem höfðu mikinn áhuga á hvalrekanum og fylgdust spennt með því sem fram fór, þau fengu að taka þátt í lengdarmælingum og er myndin tekin þegar kálfurinn var mældur.

jó



TÓNLISTARSKÓLI  
SNÆFELLSBÆJAR

## INNRIÐUN FYRIR HAUSTÖNN 2019

Innritun í skólavistun Tónlistarskóla Snæfellsbæjar fyrir haustönn 2019 fer fram í Ólafsvík frá 19. ágúst til 30. ágúst frá kl. 10:00 til kl. 12:00 og frá kl. 13:00 til kl. 16:00. Umsóknnum skal skilað á skrifstofu skólans að Hjarðartúni 6. Einnig er hægt að hringja í síma 433-9928 eða senda tölvupóst: tonlistarskoli@snb.is

Nemendur sem eru að ljúka árið 2019 þurfa að staðfesta áframhaldandi skólavistun fyrir haust 2019, og ef breytingar eru á hljóðfæranámi.

Samningur skal gerður við nemendur og forráðamenn um hljóðfæraleigu, þar sem m.a. eru skilmálar um meðferð hljóðfæra.

Hálft nám reiknast sem 60% af fullu gjaldi.

Í þeim tilvikum sem systkini yngri en 18 ára stunda nám við skólann skal veittur systkinaafsláttur. Systkinaafsláttur skal nema 25% fyrir annað systkini og 50% fyrir þriðja systkini. Afslátturinn reiknast ávallt af ódýrasta náminu.

Systkinaafsláttur á eingöngu við um systkini, ekki frændsystkini, þó svo lögheimili og greiðandi sé sá sami.

A.T.H.

Við innritun hefur forráðamaður skuldbundið sig, að greiða skólagjöld út önnina.

Gjaldskrá Tónlistarskóla Snæfellsbæjar má finna á vefsíðu Snæfellsbæjar.

Bestu kveðjur  
Skólastjóri Tónlistarskóla Snæfellsbæjar

## Breyting deiliskipulags frístundahúsa við Sölvaslóð

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti 6. júní 2019 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi 11 frístundahúsa við Sölvaslóð á Arnarstapa, Snæfellsbæ skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gerð er breyting á deiliskipulagi fyrir frístundalóðir við Sölvaslóð á Arnarstapa. Eftir breytingu verður heimilt nýtingarhlutfall á lóðum allt að 0.04 en var áður 0.03 miðað við brúttó gólflið. Þetta hefur í för með sér breytingu á skilmálum þessum, en uppráttur verður óbreyttur.

Tillagan mun liggja frammi í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, Klettsbúð 4 á opnunartíma frá og með 15. ágúst 2019 til og með 26. september 2019.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 26. september 2019. Skila skal athugasemdum skriflega til Tæknideildar Snæfellsbæjar, Klettsbúð 4, 360 Hellissandi eða á netfangið: byggingarfulltrui@snb.is

Skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar.



Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | snb.is

## Niðurstöður útboðs

Hafnarstjórn Snæfellsbæjar endurauglýsti útboð í lengingu Norðurgarðs Ólafsvikurhafnar um miðjan júlí. Áhugi verktaka var mun meiri nú þegar endurauglýst var og bærust sjö tilboð í verkið og reyndust þau öll yfir kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar sem er krónur 127.990.600.

Grjótverk ehf. á Hnífsdal átti lægsta boð uppá 147.000.000 sem er 14,9% yfir kostnaðaráætlun.

Næstu boð þar á eftir áttu Borgarverk ehf, Borgarnesi með 153.454.529, 19,9% yfir, Norðurtak ehf, Sauðárkróki 159.154.500, 24,3% yfir, Suðurverk hf., Kópavogi 177.722.300, 38,9% yfir, Stafnafell ehf., Snæfellsbæ 192.470.670, 50,4%, Ístak hf., Mosfellsbæ 200.449.021, 56,6% yfir og hæsta boð áttu svo JG vélar ehf., Reykjavík 210.613.400, 64,6% yfir áætlun.

þa



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR  
ÓLAFSVÍK - HELLISSANDUR - LÝSUHÓLSSKÓLI

## Skólasetning Grunnskóla Snæfellsbæjar

### Grunnskóli Snæfellsbæjar verður settur fimmtudaginn 22. ágúst.

Fer skólasetning fram í sölum starfstöðvanna og síðan hitta nemendur umsjónarkennara sína. Foreldrar og velunnarar skólans eru boðnir velkomnir.

Nemendur mæta:

**Kl. 10:00 í 5.-7. bekk í Ólafsvík**  
(skólabíll fer frá Hellissandi kl 9:40).

**Kl 11:00 í 8.-10. bekk í Ólafsvík**  
(skólabíll fer frá Hellissandi kl 10:40).

**Kl. 12:00 í 2.-4. bekk á Hellissandi**  
(skólabíll fer frá Ólafsvík i kl 11:40).  
Skólabíll leggur af stað frá skóla að loknum skólasetningum.

**Kl 14:00 í 1.-10. bekk á Lýsu**  
(þeir sem vilja nýta skólabíla hafi samband við skólabílstjóra).

Nemendur og forráðamenn 1. bekkjar, verða boðaðir í viðtöl til umsjónarkennara.

Skóli hefst síðan samkvæmt stundaskrá **föstudaginn 23. ágúst**.  
Nemendur og forráðamenn geta nálgast stundatöflur inn á Mentor.

*Skólastjóri*

## Snæfellsbær óskar eftir starfskrafti vegna félagsstarfs eldri borgara

Starfskraft vantar til að hafa umsjón með félagsstarfi eldri borgara í samvinnu við aðra manneskju.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf um mánaðarmótin ágúst/september.

Greitt er fyrir vinnuna í tímavinnu og teljast það 64 klt. á mánuði í 9 mánuði á ári, en starfið stendur frá byrjun september til loka maí ár hvert.

Æskilegt er að umsækjandi geti bakað og sé vel handavinnufær.

Fastur vinnutími og viðverutími er á miðvikudögum frá hádegi og frameftir degi í Félagsheimilinu Klifi þar sem félagsstarfið fer fram.

Laun eru skv. kjarasamningi Starfsmannafélags Dala- og Snæfellsnes og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar gefur bæjarritari í síma 433-6900, netfang [lilja@snb.is](mailto:lilja@snb.is)

**Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst**

